

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020,
Klængshóll í Skíðadal.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. mars 2014 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18. febrúar 2014.

Breytingartillagan felst í því að landbúnaðarsvæði í flokki L2 í bæjarlandi Klængshóls í Skíðadal er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir smávirkjun með uppsettu afli undir 200 kW.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. mars 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2014